26. Um bannlögin. Hversvegna hafa þau reynst illa?

2 bls. (Renningur)

Nú eru þær afstaðnar umræðurnar í útvarpinu um bannlögin, en engan þeirra er þar töluðu, heyrði ég minnast á það, hver aðal-orsökin er til þess að þau hafa reynzt svo illa, sem andbanningarnir þeir er töluðu og yfir höfuð allir andbanningar gjöra — létu í veðri vaka, enda hefðu þeir þá sumir þeirra a. m. k. höggið nærri sér sjálfum, sem nú skal að vikið.

Eg hefi haft náin kynni af G. T. reglunni og starfsemi hennar nú í nærfelt 50 ár og fylgzt samleiða með henni og starfsemi mótstöðumanna hennar. Hefir þessu verið þannig varið:

Allt þangað til að bannlögin voru samþykt 1909, skiftust menn í tvo flokka; í öðrum flokknum voru bindindismenn eða G. T., í hinum allir þeir mörgu, sem beinlínis voru á móti allri bindindisstarfsemi og vissi ég ekki til að neinn þeirra léði þeim neinn styrk, hvorki í orði né verki. Þeir gerðu gys að öllu bindindi og reyndu á alla lund að svívirða það og þá menn sem það studdu. Þá var starfsemi G. T. ekki talin lofsverð — eins og þeir sem nú gala hæst um bannið styðjast verað — í hún var talin hola þeim fyrir (ɔ: góðum árangur o. s. frv.) — hún var talin lastverð og á allar lundir reynt að bregða fótum fyrir hana t. d. með því að veita lítinn eða engan styrk af opinberu fé til hennar.

Svo komu bannlögin 1909. „Þá byrjaði ballið."

1. Þeir sem svo voru ríkir eða svo hyggnir, að geta byrgt sig upp til margra ára með áfengi, fengu leyfi til að drekka það í 3 ár.

2. Vestkom andbanninga-sorpblaðið Ingólfur og stóðu að því margir ófyrirleitnustu bindindis- og bann-féndur og svo var heipt þeirra mikil til Templara, að ritstjóri blaðsins ~~beinlínis~~ gjörðist svo fingralangur að hirða til sín með ólögfilegu móti, einka bréf ~~eins af~~ frá einum embættismanni Stórstúkunnar, bréf sem prentað var sem handrit og sent sem ábyrgðarbréf út um land, og birti það í algjörðu heimildarleysi í blaðinu með ógurlegum gauragangi og svívirðingum um þann er bréfið samdi og var þó bréfið í sannleika meinlaust mjög og ekki ~~minnst~~ neinn lagti veizt að andbanningunum. Í blaðinu var ólmast mjög að reglunni og þess krafizt að hún fengi engan styrk (hann var þá víst heilar 2000 kr!) fyrir þetta voðalega tiltæki að skrifa fél. sínum slíkt bréf. Ritstj. er nú dauður, en ekki hefi ég orðið var við að P. H. telji hann meðal þeirra, sem bannlögin hafi dregið, og ekki ~~ervæntanlegt að ritstj. hefði tilfadlangur~~ get ég hugsað mér, að ~~ritstj.~~ það hefði stytt líf ritstj. þó hann hefði verið ~~meiri~~ meiri bannvinur en hann var.

3. Þá kom konsúlabrennivínið; ekki vissi ég til að bannmenn kæmu því á eða veittu því fylgi, að það leyfi var veitt. Í það

4. Þá var stofnað andbanningafélag er Þjóðvörn nefndist. Í það félag söfnuðust margir helztu andbanningar bæjarins, þ. á m. margir æðstu embættismenn, lögfræðingar og læknar. Þeir héldu því beinlínis fram, að það væri skylda hvers ærlegs manns að ... þessi hvöt varð svo andvígt þeim þess að

eda G.T., á hinum allar þeir [illegible]
aldrei bindindisstarfsemi og vissi ég ekki til ad neinn þeirra lédi þeim neinn styrk, hvorki í ordi né verki. Þeir gerdu gys ad öllu bindindi og reyndu á alla lund ad svívirda þad og þá menn sem þad studdu. Þá var starfsemi G.T. ekki talin lofsverd – eins og þeir sem nú gala hæst um bannid þykjast verad – hola þeim fyrir (þ: gódan árangur o.s.frv.) –; hún var talin lastverd og á allar lundir reynt ad bregda fótum fyrir hana t.d. med því ad veita lítinn eda engan styrk af opinberu fé til hennar.

Svo komu bannlögin 1909. „Þá byrjadi ballid.“

1. Þeir sem svo voru ríkir eda svo hyggnir, ad geta byrgt sig upp til margra ára med áfengi, fengu leyfi til ad drekka þad í 3 ár.

2. Næst kom andbanninga-sorpbladid Ingólfur og stódu ad því margir ófyrirleitnustu bindindis- og bann-féndur og svo var heift þeirra mikil til Templara, ad ritstjóri bladsins ~~[illegible]~~ gjördist svo fingralangur ad hirsa til sín med ólöglegu móti, einka bréf ~~einn af~~ frá einum embættismanni Stórstúkunnar, bréf sem prentad var sem handrit og sent sem ábyrgdar bréf út um land, og birti þad í algjördu heimildarleysi í bladinu med ógurlegum gauragangi og svívirdingum um þann er bréfid samdi og var þó bréfid í sannleika meinlaust mjög og ekki ~~minnst~~ ad neinu leyti vikid ad andbanningum. Í bladinu var ólmast mjög ad höfundinum og þess krafizt ad hún fengi engan styrk (hann var þá víst heilar 2000 kr.!) fyrir þetta vodaloga tiltæki ad skrifa fél. sínu slíkt bréf. Ritstj. er nú dáinn, en ekki hefi ég ordid var vid ad G.T. telji hann medal þeirra, sem bannlögin hafi dregid, og ekki ~~er ósennilegt ad ritstj. hefdi lifad lengur~~ get ég hugsad mér, ad ~~ritstj.~~ þad hefdi stytt líf ritstj. þó hann hefdi verid ~~[illegible]~~ meiri bannvinur en hann var.

3. Þá kom konsúlabrennivínid; ekki vissi ég til ad bannmenn komu því á eda veittu því fylgi, ad þad leyfi var veitt.

4. Þá var stofnad andbanningafélag er Þjódvörn nefndist. Í þad félag söfnudust margir helztu andbanningar bæjarins, þ. á m. margir ædstu embættismenn, lögfrædingar og læknar. Þeir héldu því beinlínis fram, ad þad væri <u>skylda</u> hvers ærlegs manns ad <u>brjóta</u> bannlögin. Þessi hvöt vard svo [illegible] ~~til~~ þess ad auka mönnum þor til þessa, „þegar dómarar, lögfrædingar og læknar telja þad ekki einungis leyfilegt heldur skyldu“ sögdu menn.

5. Því næst kom djásnid sjálft: Læknabrennivínid. Ekki veit ég til ad neinn G.T. hafi stutt þad mál eda veitt því fylgi, heldur bördust þeir af alefli á móti því. Allir vita hvernig læknarnir notudu þessi lög og leyfi þad er þau veittu þeim: Ad nota brennivín (áfengi til lækninga). Til fródleiks má geta þess, ad Gudm. Hannesson (nú prófessor) var og er medlimur Læknafélagsins, en aldrei vard ég var vid neina fréttaklausu frá honum í Mbl. um þad hvernig læknar notudu þetta dæmalausa læknaleyfi, sem þeir notudu – ad vísu med undantekningum – eins og þeir voru menn til.

6. Loks var svo skiftan þó með uppá gátt, með Spánarvínunum; að einhverjir Templ. veittu slíkri endemis viðtöku fylgi sig eða ~~veittu~~ samþykki var sannarlega nauðvörn, sem þeim varða ekki á hálsi lagið fyrir, heldur hitt, að Templarar allir skyldu þá ekki einum rómi krefjast þess að bannlögin væru numin úr gildi þegar í stað.

Þannig voru nú viðtökurnar og aðbúðin við bannlögin frá hendi andbanninga frá fyrstu tíð, þ. á. m. æðstu emb. m. bæjarins, lögfræðinga og lækna og mega þeir kjósa sér af því eins og þeir vilja. En þetta er nú aðalorsökin til þess, að bannlögin hafa reynzt svo sem raun er á orðin. Hún er það sem því hefir valdið að Guðm. Hannesson hefir nú á síðari árum getað haft sér það til dægrastyttingar, að telja það á fingrum sér, hve mörgum mannslífum bannlögin hafi fórnað. Það er hún, sem komið hefir af stað þeirri þokkasmiðju, að bruggun hefir komið upp í landinu síðan lækna-brennivínið (það var ufl. ekki alveg gefið, fremur en annað úr þeirri átt) og Spánarvínin komu til sögunnar. Og svo er G. H. svo óheiminn, að hann segir að bannlögin og þeir sem þeim hafa verið fylgjandi, eigi einir alla sökina á þessu. Nei, vinur G. H.! Þér og yðar menn eigið einir alla sökina eða viljið þér svara þessum spurningum mínum afdráttarlaust:

1. Voru það Templ. eða bannmenn sem veittu 3 ára lagfrið 1909.?
2. Voru það þeir, sem veittu konsúlabrennivíninu veg inn í landið?
3. Voru það þeir, sem stofnuðu Þjóðvörn og héldu Ingólfi úti?
4. Voru það þeir, sem veittu læknunum leyfi til að nota hið svo nefnda læknabrennivín?
5. Áttu þeir nokkurn þátt í því hvernig læknar notuðu það leyfi?
6. Voru það þeir, sem félagsheild, samþykktu Spánarvínin?

Ef þér getið ekki svarað þessum spurningum játandi — en það má telja líklegt að þér getið — þá verður að líta svo á, að ég hafi rétt fyrir mér er ég segi:

Það eru trúnaðarmenn þjóðarinnar, lögreglustjórar, dómarar, lögfræðingar, læknar (þér sjálfur ekki undanskilinn) og aðrir andbanningar og brennivínsberserkir, sem einir og engir aðrir eigið sök á því, að bannlögin hafa reynzt svo sem þér og þeir hafið hömlazt á svo oft og lengi, því þið hafið aldrei látið þau í friði, heldur ólmast að þeim alla tíð og viljið nú sýna manndóm ykkar allan og samlyndissátt með því að segja: „Ekki ég! Ekki ég, heldur bannmenn!"

Hafi nokkurt einstakt mál ísl. þjóðarinnar sýnt, hvaða tegund trúnaðarmanna hún hefir átt undanfarin 20 ár, þá er það bannmálið. Það er prófsteinninn! Og G. H. sá, er flestar og mestar lygasögurnar hefir lagið í Mbl. og tekið borgun fyrir, er sá prófsteinninn, sem beztur er. Hann er dýrðlegur gimsteinn allra andbanninga.